

Ed.

## 96. Frumvarp til laga

[86. mál]

um Framkvæmdastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

### I. KAFLI

#### Hlutverk og skipulag.

##### 1. gr.

Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er ríkisstjórninni til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

Stofnunin starfar í þremur deildum: hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lána-deild.

Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

##### 2. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Ríkisstjórnin skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundinum ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnarinnar.

##### 3. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

- 1) að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstöðumanna deilda;
- 2) að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn, að fengnum tillögum framkvæmdaráðs;
- 3) að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlana verkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;
- 4) að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 11. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;
- 5) að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;
- 6) að fara með stjórn Bygðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

##### 4. gr.

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna framkvæmdaráð, er annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

##### 5. gr.

Verkefni framkvæmdaráðs eru m. a.:

- 1) að láta gera áætlanir á vegum stofnunarinnar og leggja þær fyrir stjórn hennar;
- 2) að gera tillögur til stjórnarinnar um rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina;

- 3) að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;
- 4) að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunarinnar, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

## II. KAFLI

### Hagrannsóknadeild.

#### 6. gr.

Hagrannsóknadeild annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlana-gerða stofnunarinnar, svo og gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþykktar af ríkisstjórninni, sbr. 11. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhags-áætlana. Skulu áætlanir gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins.

Deildin annast þær hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, er hún kann að óska eftir. Deildin annast og hagfræðilegar athuganir fyrir Seðlabankann og aðra opinbera aðila, eftir því sem um semst.

## III. KAFLI

### Áætlanadeild.

#### 7. gr.

Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.

#### 8. gr.

Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land, með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðapróun.

#### 9. gr.

Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, eftir því sem um semst.

#### 10. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í hvaða röð skal unnið að áætlana-verkefnum og hver vera skulu markmið og forsendur hvernar áætlunar.

Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnu-markaðarins. Einnig skal haft samráð við Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Iðnþróunarstofnun Íslands, eftir því sem við á, og má fela þessum aðilum einstaka þætti áætlunargerðarinnar, ef henta þykir.

Byggðaáætlanir skulu gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.

Meðan unnið er að áætlanagerð í viðkomandi landshluta, getur stjórn stofnunarinnar sett þar upp skrifstofu til bráðabirgða.

#### 11. gr.

Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni til samþykktar og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim.

Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

#### IV. KAFLI

##### Lánadeild.

###### 12. gr.

Lánadeild vinnur að því að samræma útlán allra opinberra stofnlánasjóða og að skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þeirra framkvæmda, sem forgang þurfa að hafa samkvæmt áætlunum stofnunarinnar.

Hún fylgist með fjárhag allra opinberra fjárfestingarsjóða og gerir tillögur um fjáröflun til þeirra, eftir því sem þörf krefur.

Framkvæmdastofnunin getur sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá opinberir sjóðir og lánastofnanir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún ekki telur eðlilega tryggð.

###### 13. gr.

Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um rannsóknir nýrra atvinnugreina skal haft samráð við Rannsóknaráð ríkisins.

Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

###### 14. gr.

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annast athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum, við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.

###### 15. gr.

Framkvæmdaráð skal hafa náð samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslensku efnahags- og atvinnulífi.

###### 16. gr.

Lánadeildin getur, ef hagkvæmt þykir, haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu. Að öðrum kosti verði þessi verkefni falin starfandi ríkisbanka.

Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparissjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar.

17. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysisstryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarféлага um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

V. KAFLI

Um Framkvæmdasjóð Íslands.

18. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins, en starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

19. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands, sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, eins og þær eru 1. janúar 1972. Þá tekur Framkvæmdasjóður að sér greiðslu allra skulda Framkvæmdasjóðs Íslands, svo og efndir á öllum skuldbindingum hans, þar með töldum ábyrgðum, sem hann hefur tekið á sig, frá sama tíma að telja.

Mótvirðisfé í vörzlu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

20. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar.

Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því:

- 1) að veita fé til þeirra fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, erða sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar;
- 2) að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstaka nauðsyn bera til þess og
- 3) að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

21. gr.

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands og ráðstöfun fjármuna hans.

Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal árlega um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja lána- stofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr sjóðnum.

Hún tekur enn fremur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör Framkvæmdasjóðs að fengnu samþykki ríkisstjórnar og úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvörðun um afskriftir af kröfum sjóðsins.

22. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.

23. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda, að hann beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í islenzkum krónum við slíkar breytingar.

24. gr.

Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að ráðstafa allt að helmingi árlegs tekjuafgangs Framkvæmdasjóðs til nýjunga í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 13. greinar.

25. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana, með sama hætti og ríkisbankar.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppbóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppbóðið.

## VI. KAFLI

### Um Byggðasjóð.

26. gr.

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

27. gr.

Byggðasjóður tekur við stofnfé Atvinnuþrófunarsjóðs, skv. lögum nr. 69/1966, greiddu og ógreiddu, og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1972.

28. gr.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

- 1) Eignir Atvinnuþrófunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
- 2) Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 1 000 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1972.
- 3) Skattgjald af álbræðslu í Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Frá og með októbermánuði 1978 lækkar hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20%, en hlutur Byggðasjóðs eykst að sama skapi.
- 4) Vaxtatekjur.

29. gr.

Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr.

30. gr.

Heimilt er Byggðasjóði að veita vaxtalaus bráðabirgðalán til allt að tveggja ára til framkvæmda, sem greiðast eiga af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið. Þá er og heimilt að veita óafturkræf framlög, ef sérstaklega stendur á.

Enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót eða starfrækja áfram í samræmi við tilgang sjóðsins og þarfir viðkomandi byggðarlags.

31. gr.

Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — af árslunum sérmenntaðs manns í undirbúningi og gerð landshlutaáætlana, að því tilskildu, að viðkomandi landshlutasamtök hafi slíkan mann í þjónustu sinni.

32. gr.

Framkvæmdaráð gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

33. gr.

Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla Byggðasjóði lánsfjár allt að 300 milljónum króna á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

34. gr.

Ákvæði 25. gr. ná einnig til Byggðasjóðs.

## VII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

35. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið. Byggingarnefndir og oddvitar senda stofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingaleyfi og veittra byggingaleyfa.

Um upplýsingasöfnun skal stofnunin þó hafa samráð við Hagstofuna og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

36. gr.

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands, Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar eftir nánari reglum og samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

37. gr.

Fari Framkvæmdastofnun ríkisins með vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, sbr. 16. gr., skulu kosnir af Alþingi tveir endurskoðendur til að endurskoða reikninga þeirra.

Ársreikningar sjóðanna skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til staðfestingar.

38. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

39. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 66/1966 og lög nr. 69/1966, svo og önnur lög og lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við þessi lög.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu um Framkvæmdastofnun ríkisins er stefnt að því, að vinna að eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunavinnubrögðum, að tengja saman undir einni stjórn stofnanir og sjóði, sem til þessa hafa starfað sitt í hvoru lagi, og að koma á fót heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Samkvæmt því er Framkvæmdastofnuninni ætlað það hlutverk að semja áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma. Stofnunin á enn fremur að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Er lögð rík áherzla á, að Framkvæmdastofnunin hafi náðið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein. Enn fremur ber henni í samvinnu við landshlutasamtök að stuðla að þróun byggða og atvinnulífs í hverjum landshluta. Það koma því margs konar áætlunarverkefni í hlut Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Þeir sjóðir, sem faldir eru forsjá Framkvæmdastofnunarinnar, eru Framkvæmdasjóður og Atvinnujöfnunarsjóður, sem eftir frumvarpinu á að nefnast Bygðasjóður. Auk þess, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hefur á hendi lánveitingar og úthlutanir úr þeim sjóðum, sem nefndir voru, er henni ætlað að vinna að því að samræma útlán allra stofnlánasjóða og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Jafnframt er gert ráð fyrir, að starfsemi fleiri fjárfestingarsjóða geti flutzt til Framkvæmdastofnunar, er tímabært og hentugt þykir. Starfsemi Efnahagsstofnunarinnar færast til þessarar nýju stofnunar — Framkvæmdastofnunar ríkisins. Um leið er Hagráð lagt niður. Hér verður því starfsemi þriggja stofnana sameinuð og lögð undir eina stjórn. Leiðir slík samfærsla til hagræðingar og verksparnaðar og miðar að því að gera stjórnkerfi þessara mála einfaldara. Náin samræming áætlunargerðar og fjárfestingarstjórnar mun auðvelda stofnuninni að eiga frumkvæði að mikilvægum framkvæmdum í atvinnumálum, bæði með stofnun nýrra fyrirtækja og með rannsóknum á þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja.

Fjárfestingarstjórnin er fólgin í áætlanagerðinni, skipulagningu fjármagnsöflunar til þeirra framkvæmda, sem forgang eiga að hafa, og samræmingu útlána opinberra stofnlánasjóða. Þá getur og Framkvæmdastofnunin sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar.

Framkvæmdastofnunin lýtur yfirstjórn þingkjörinnar stjórnar, en stjórn á daglegum rekstri er í höndum framkvæmdaráðs og forstöðumanna deilda. Framkvæmdastofnunin starfar í þremur deildum: hagrannsóknadeild, sem annast rannsóknir, gagnasöfnun og skýrslugerð, áætlanadeild, sem annast hvers konar áætlanagerð, og lánadeild, sem hefur umsjón framangreindra sjóða, annast þá samræmingu útlána og skipulagningu á fjármagnsöflun, sem Framkvæmdastofnuninni er ætlað að hafa á hendi.

Með starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins er að því stefnt, að islenzkur þjóðarbúskapur þróist í framtíðinni með skipulegum hætti og að hagnýtt sé hin fullkomnasta þekking og sérkunnátta við stefnumótun og ákvarðanir.

Er þess vænzt, að með því móti fáiast betri nýting framleiðsluþátta og náttúruauðs.

Til frekari glöggvunar skal bent á nokkur meginatriði, sem fram koma í þessu frumvarpi og teljast mega að miklu leyti nýmæli:

- 1) Ákveðið er að tengja saman í eina stofnun áætlunargerð og öflun fjármagns þannig, að samræmi og samstarf sé um áætlun og ákvörðun um framkvæmd og fjárföflun og fjármagnsráðstöfun til hennar.

- 2) Ákveðið er að tengja saman og efla samstarf margra aðila um áætlanagerð, sem til þessa hafa haft of lítið samstarf sín á milli. Er hér um að ræða opinberar stofnanir, aðila frá atvinnuvegunum, rannsóknar- og vísindastofnanir, lána- stofnanir og fleiri aðila. Fæst með slíku samstarfi betri og öruggari heildar- yfirsýn yfir þjóðarþúskaðinu, og þar með aðstaða til að forðast margvísleg mistök og óþarfa kostnað, t. d. vegna þess, að í meira er ráðizt í einu en tók eru á að framkvæma með eðlilegum og nauðsynlegum framkvæmdahraða. Er stofnuninni ætlað að veita aðstoð við að meta það á grundvelli upplýsinga og sérþekkingar, hvaða framkvæmdum sé eðlilegt og æskilegt að veita forgang hverju sinni. Samstarfi framangreindra aðila er og ætlað að auðvelda mótun og framkvæmd efnahagsstefnu, sem tryggji þjóðfélaginu sem örastar framfarir og sem mesta hagsæld allra þjóðfélagsstétta.
- 3) Ákveðið er, að stofnunin framfylgi byggðapróunarstefnu með sérstakri áætlana- gerð. Jafnframt er þessi áætlanagerð með sérstökum hætti tengd mjög traust- um böndum við fjármagnsöflun til þeirra framkvæmda, sem áætlaðar og ákveðnar eru á hverjum tíma. Fjármagn Byggðasjóðs er stóraukið.
- 4) Framkvæmd þessarar byggðastefnu er svo að auki tryggð með sérstökum tengsl- um við landshlutasamtök sveitarfélaganna, hæði að því er varðar áætlanagerð og kostnað landshlutasamtakanna af því starfi. Þá er einnig ákveðið að taka upp samstarf við landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í sama skyni.
- 5) Framkvæmdastofnun ríkisins getur átt framkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja, annazt rannsóknir, áætlanir og annan undirbúning að stofnun þeirra, tryggt þeim eðlilegt lánsfé til stofnunar og starfrækslu og samið síðan við aðila atvinnuveganna um að hrinda málinu í framkvæmd.
- 6) Stjórnarandstöðuflokkum er tryggð eðlileg aðild að stjórn stofnunarinnar, og eiga þeir þess því kost að fylgjast náið með störfum hennar og hafa aðstöðu til áhrifa á framþróun og gang mála. Með þeim hætti veitist og stjórnarandstöðunni tækifæri til að móta stefnu flokka sinna á grundvelli allra tiltækra upplýsinga.
- 7) Stefnt er að því, að Framkvæmdastofnunin hafi með tímanum á að skipa sem hæfustu liði sérmenntaðra manna með nána þekkingu á efnahagskerfi og atvinnu- lífi þjóðarinnar, er orðið geti hvaða ríkisstjórn, sem með völd fer, að liði við mótun stefnu í efnahags- og atvinnumálum.

Vafalaust er, að sú löggjöf, sem hér er lagt til að sett verði, þarfnast endurbóta og fullkomnunar síðar, að fenginni reynslu. Er svo um alla löggjöf. Hér skal bent á nokkur atriði, sem líklegt er, að síðar komi til skoðunar. — Í fyrsta lagi skal þess getið, að heppilegt kann að reynast að tengja Framkvæmdastofnun ríkisins margs konar rannsóknar- og vísindastofnunum í landinu með löggjöf síðar, þó að hæpið væri að gera það nú, þar sem slík starfsemi er lítil og tilraunakennd, eins og sakir standa, og í mótun. Meðan svo er verður að teljast eðlilegt, að tekið verði upp í verki sem nánast samstarf milli Framkvæmdastofnunarinnar og þeirra rannsóknar- og vísindastofnana, sem til eru.

Í annan stað væri æskilegt, að samstarf kæmist á milli stofnunarinnar og við- skiptadeildar Háskóla Íslands (og jafnvel fleiri deilda), þannig að stofnunin fengi nemendum, á síðari námsárum í viðskiptadeild raunhæf rannsóknarefni til úrlausnar í því skyni að gera hvort tveggja í senn: tengja nám þeirra efnahags- og atvinnu- lífi landsins á raunhæfan hátt og gera þá þannig hæfari til starfa í atvinnulífnum að námi loknu, en einnig til að fá með viðráðanlegu móti framkvæmdar margvís- legar og nauðsynlegar rannsóknir og athuganir, sem ella mundi af fjárhags- og mannaflaskorti dragast úr hömlu að framkvæma.

Í þriðja lagi má á það benda, að æskilegt væri, að ákveðið samkomulag tækist í verki á milli ríkisstjórnar, Alþingis og Framkvæmdastofnunarinnar um, að hún tæki að öðru jöfnu að sér athuganir og rannsóknir á málum, sem til þessa hefur



verið venja að skipa nefndir til að fjalla um, en gætu saníkvæmt eðli máls eins vel heyrt undir starfsemi stofnunarinnar. Er ástæða til að ætla, að með því móti fengjust betri, skjótvirkari og umfram allt kostnaðarminni vinnubrögð en með nefndarstörfum, ekki sízt ef að því er gáð, að nefndir þurfa oftast að ráða sér til aðstoðar dýra sérfræðinga til að vinna verkin, sérfræðinga, sem liggja ekki alltaf á lausu, en verða oft að vinna slík verk sem aukastörf. Nýtast þá að jafnaði bæði starfskraftar og starfstími illa eins og eðlilegt er.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar.

#### *Athugasemdir um einstakar greinar.*

Um I. kafla.

##### **Hlutverk og skipulag.**

Um 1. gr.

Lagt er til að koma á fót sjálfstæðri ríkisstofnun, sem vinni að mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum. Stofnunin skal annast hagrannsóknir, áætlanagerð og stjórn fjárfestingarmála, svo og lánveitingar samkvæmt því, er nánar greinir í lögum.

Lagt er til að stofnunin heyri undir ríkisstjórnina í heild og falli þannig skipulagslega undir verkvið forsætisráðherra.

Um 2. og 3. gr.

Gert er ráð fyrir þingkjörinni stjórn, þannig að þau sjónarmið sem ríkjandi eru í löggjafarsamkomunni eigi greiðan gang inn í stofnunina. Stjórnin markar meginlínurnar í starfsemi stofnunarinnar og tekur endanlegar ákvarðanir um lánveitingar.

Um 4. og 5. gr.

Daglegri starfrækslu stofnunarinnar í heild stjórnar þriggja manna framkvæmdaráð. Eðlilegt er talið, að þeir menn séu skipaðir af ríkisstjórninni, þar sem þeir eru fyrst og fremst hennar fulltrúar við mótun og framkvæmd stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma.

Um II. kafla.

##### **Hagrannsóknadeild.**

Um 6. gr.

Hagrannsóknadeildin annast gagnasöfnun og skýrslugerð fyrir stofnunina og ríkisstjórnina. Er þar um að ræða framhald og útvíkkun þess starfs, sem hafið er á vegum hagrannsóknadeildar Efnahagsstofnunarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að deildin aðstoði framkvæmdaráðið við heildarsamræmingu starfsins í stofnuninni.

Um III. kafla.

##### **Áætlanaeild.**

Um 7. gr.

Greinin felur í sér það nýnæli, að tekin skuli upp áætlanagerð um þróun mikilvægustu atvinnugreina og atvinnulífsins í heild.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að tekin séu í lög ákvæði um skipulega gerð landshluta-áætlana í framhaldi af því starfi, sem Efnahagsstofnunin hefur unnið á þessu sviði undanfarin ár.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir áætlanagerð um opinberar framkvæmdir af svipuðu tagi og Efnahagsstofnunin hefur haft með höndum undanfarin ár.

Um 10. gr.

Æskilegt er talið að Framkvæmdastofnunin hafi viðtækt samstarf við ýmsa aðila í Þjóðfélaginu um áætlanagerðir sínar. Er þar bæði um að ræða Búnaðarfélagið, Fiskifélagið og Iðnþróunarstofnunina sem fulltrúa sinna atvinnugreina. Er talið að þessir aðilar geti lagt mikið af mörkum til áætlunargerðarinnar og í sumum tilfellum tekið að sér sérstaka þætti hennar.

Með sama hætti er gert ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarfélaganna geti tekið mjög virkan þátt í gerð byggðaáætlana og einnig er í því sambandi gert ráð fyrir samstarfi við verkalýðsfélög og atvinnurekendur í landshlutunum.

Um 11. gr.

Lagt er til að ríkisstjórnin fjalli um áætlanirnar og samþykki þær áður en stofnunin einbeitt sér að framkvæmd þeirra, en Alþingi sé gerð grein fyrir þeim.

Um IV. kafla.

**Lánadeild.**

Um 12. gr.

Lagt er til, að lánadeild samræmi og samhæfi fjármögnun framkvæmda, eftir því sem kostur er. Lánadeildin hefur einnig á hendi raunverulega stjórn fjárfestingarmála, en því hlutverki gegnir hún annars vegar með þeim viðtæku áhrifum sem hún hefur á allt lánakerfið, en hins vegar með því, ef nauðsyn ber til, að selja almennar reglur um hvers konar framkvæmdir er skuli hafa forgang umfram aðrar.

Um 13. gr.

Í þessari grein felst m. a. það nýmæli að opinber stofnun getur átt frumkvæði að stofnun nýrra atvinnufyrirtækja. Það er alkunna, að oft er ekki fyrir hendi það frumkvæði, sem þarf til að hrinda nýjum atvinnufyrirtækjum í framkvæmd. Þó þau séu þjóðhagslega fýsileg, og er þess freistað með ákvæði þessu að ráða á því nokkra bót.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein skal lánadeild reyna að sjá til þess að þær framkvæmdir, sem hún á annað borð heitir sér fyrir að fjármagna, verði fjármagnaðar til fulls, en ekki aðeins að einhverju leyti þannig að þær reki svo í strand á einhverju stigi.

Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir að Framkvæmdastofnuninni verði síðar fengin umráð fleiri fjárfestingarsjóða en þetta frv. gerir ráð fyrir í fyrstu.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um samskipti stofnunarinnar við fjárfestingarsjóði og viðskiptabanka og þarfnast eigi skýringa.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að Framkvæmdastofnunin annist ekki sjálf afgreiðslu lánsfjár, innheimtu, bókhald o. fl., heldur feli það öðrum. Heimilt er þó stofnuninni að taka þessi verkefni í eigin hendur, ef hagkvæmt þykir. Fram-

kvæmdasjóður hefur nú slíka þjónustu hjá Seðlabankanum og Atvinnuþróunarsjóður, sem verður uppistaða Bygðasjóðs, hjá Landsbankanum. Aðalreglan er sú, að handbært fé sé geymt í Seðlabanka, en þar frá heimiluð sú undantekning er í greininni segir.

Um 17. gr.

Litið er svo á, að þá sjóði, sem hér eru nefndir, sé ekki fært að sameina Framkvæmdastofnuninni, og þykir því eðlilegt að hafa almenn ákvæði um samvinnu hennar við þá. Ástæðan til þess að ekki er hægt að breyta svo stórlega stöðu þessara sjóða með einfaldri löggjöf er m. a. sú, að þeir eru tilkomnir með sérstökum samningum, sem ekki verður rift.

Um V. kafla.

#### **Framkvæmdasjóður.**

Um 18. og 19. gr.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður sé hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og taki við öllum eignum og skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða nágildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð Íslands, að því undanskildu að heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita lán beint til einstakra framkvæmda. Óeðlilegt er talið að Framkvæmdastofnunin eigi það algerlega undir öðrum lánastofnunum, hvort hægt er að lána til framkvæmda, sem stofnunin telur mikilsverðar.

Um 21.—23. gr.

Samhljóða gildandi ákvæðum um Framkvæmdasjóð Íslands.

Um 24. gr.

Æskilegt er talið að stofnunin geti ráðið yfir nokkrum fjármunum til að styrkja rannsóknir og tilraunir og til að hafa frumkvæði að nýjungum. Ekki er þó talið eðlilegt að opna Framkvæmdasjóð með almennri heimild um styrkveitingar, og er því lagt til að leggja hluta af tekjuafgangi hans í sérstakan sjóð, alveg aðskilinn, í þessu skyni.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sams konar og gilda um aðra hliðstæða sjóði.

Um VI. kafla.

#### **Bygðasjóður.**

Um 26. og 27. gr.

Lagt er til að stofna Bygðasjóð, sem verði hluti af Framkvæmdastofnuninni og taki við eignum og skuldum Atvinnuþróunarsjóðs.

Um 28. gr.

Hér eru taldir tekjustofnar Bygðasjóðs. Er þar gert ráð fyrir stórfelldri fjáröflun til sjóðsins umfram það, sem nú er til Atvinnuþróunarsjóðs. Skal ríkissjóður leggja honum til eitt þúsund milljónir á 10 næstu árum, þ. e. eitt hundrað milljónir á ári. Ákvæði um skattgjald af álbræðslu er óbreytt.

Um 29. gr.

Greinin felur ekki í sér nýmæli.

Um 30. gr.

Í þessari grein er leitast við að veita Byggðasjóði heimildir til að leysa úr ýms-um brýnum vandamálum margra dreifbýlisstaða. Þannig er heimilað að veita bráða- birgðalán út á fjárveitingar ríkisins, að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtækjum og að styrkja starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Enn fremur er sjóðnum heimilað að veita óafturkræf framlög. Ástæður þessa ákvæðis eru þær, að óeðlilegt er talið að veita lán til fyrirtækja eða annarra aðila, sem fyrirfram má telja víst að geti ekki staðið undir þeim, eins og þó hefur verið gert. Þá er eðlilegra að styrkir komi til.

Um 31.—34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Ýmis ákvæði.

Um 35. gr.

Samhljóða ákvæðum um Efnahagsstofnun með viðbót, sem miðar að því að koma í veg fyrir tvíverknað.

Um 36. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Eðlilegt er talið, að gefin verði út reglugerð, sem kveði nánar á um starfsemina, þegar nokkur reynsla hefur fengizt.

Um 38. og 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.